

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 3. janúar 2022
UST202112-139/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - smábátahöfn við Brjánslæk. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að byggja um 123 m langan grjótgard innan núverandi hafnarsvæðis. Nýtt verður grjót sem féll til við vegagerð í Penningsdal og flutt var í grjótnámu við Þverá. Sú náma er opin og verður þar tekið það efni sem þarf til viðbótar aðfluttu efni.

Hér er um litla framkvæmd að ræða innan núverandi hafnarsvæðis og er jákvætt að unnt er að nýta í verkið hluta af efni sem féll til við Vegagerð sem hefði að öðrum kosti hefði ekki nýst til mannvirkjagerðar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin sé háð leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hún er innan friðlands Breiðafjarðar. Þetta er ekki rétt umsjón með friðlandi Breiðafjarðar er í höndum Breiðafjarðarnefndar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur